

Heil og sæl,

Þá fer að líða að próftímabilinu á önninn. **Síðasti kennsludagur** er mánudagurinn 5. maí. **Þriðjudagurinn 6. maí** er svokallaður **námsversdagur**, þar sem nemendur geta leitað til sinna kennara eftir nánari upplýsingum vegna prófa eða aðstoðar vegna verkefnaskila. Þá kemur **námsmatsdagur**, eða upplestrarfrí fyrir nemendur, **miðvikudaginn 7. maí**, þar sem nemendur geta nýtt tímann og lært fyrir prófin, en fyrsti eiginlegi prófdagurinn er **fimmtudaginn 8. maí**, sjá nánari í töflu hér fyrir neðan.

Lykildagsetningar í maí	
Mánudag 5/5	Síðasti kennsludagur
Þriðjudag 6/5	Námsversdagur - aðstoð í stofum
Miðvikudag 7/5	Upplestrarfrí
Fimmtudag 8/5	Fyrsti prófdagur
Föstudag 16/5	Síðasti prófdagur
Þriðjudag 20/5	Birting einkunna og prófsýning
Laugardag 24/5	Útskrift Flensborgarskólans og skólaslit

Allar nánari upplýsingar um **próftöflu** nemenda má sjá bæði í INNU og á heimasíðu skólans en þar má líka sjá allar helstu fréttir úr skólastarfinu. Athugið að öll próf fara fram í kennslustofum og er mikilvægt að nemendur gái vel að **staðsetningu prófs og stofunúmeri** hverju sinni. Þá vil ég nota tækifærið til að hvetja nemendur til að taka þátt í **kennslumati annarinnar** en það má einnig sjá í INNU, undir *KANNANIR*. Í kennslumati gefst nemendum tækifæri til að meta gæði kennslunnar á önninni sem er afar mikilvægt til þróunar á góðu skólastarfi til framtíðar. Endilega takið þátt ef þið mögulega getið.

Minni hér með á að á morgun, 1. maí – baráttudag verkalýðsins, er **frídagur**. Þá er **dimmisjón útskriftarefna** á föstudaginn og fellur því öll kennsla niður í fyrsta tíma dagsins.

Hafið það sem allra best og gangi ykkur vel í því sem framundan er!

Með bestu kveðju,

Erla Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði